

Ed.

230. Frumvarp til laga

[127. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Litlagerði í Grýtubakkahreppi.

Flm.: Karl Kristjánsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Jóhanni Skaptasyni, bæjarfógeta á Húsavík, sýslumanni Þingeyjarsýslu, eyðijörðina Litlagerði í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að Jóhanni Skaptasyni, bæjarfógeta á Húsavík, sem einnig er sýslumaður í Þingeyjarsýslu, verði gefinn kostur á að kaupa eyðijörðina Litlagerði í Dalsmynni í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Þessi jarðeign ríkisins hefur verið í eyði síðustu ár, þrátt fyrir rækilega viðleitni umboðsmanna ríkisins til þess að fá þangað ábúanda. Nokkrar veðskuldir hvíla á jörðinni vegna framkvæmda síðasta ábúanda.

Ástæðan til þess, að Jóhann Skaptason, bæjarfógeti og sýslumaður héraðsins, hefur hug á að kaupa þetta eyðibýli, er sú, að foreldrar hans bjuggu þar lengi og hann er þar fæddur og systkini hans flest.

Í bréfi, dags. 22. janúar 1963, til flutningsmanns, tekur Jóhann Skaptason fram, um leið og hann fer þess á leit, að frumvarp til laga um heimild á sölu eyðibýlisins til sín verði flutt á þessu þingi, að sér hafi dottið í hug:

„að reyna að gera Litlagerði eitthvað til góða, ef það kynni í framtíðinni að verða til þess, að jörðin héldist fremur í byggð. En ég hef ekki“ (segir hann) „hug á að leggja þar í ræktunarkostnað, nema ég hefði fullan ráðstöfunarrétt á jörðinni (ekki ættaróðalsrétt).“

Allir, sem þekkja Jóhann Skaptason, vita, að hann mun varla láta sitja við áformin ein.

Hér er á ferð sá lofsverði hugsunarháttur ræktarsemi og áttthagatryggðar, sem er því miður of fágætur og veðskuldar sannarlega góðar undirtektir á Alþingi.